

Ed.

249. Nefndarálit

[134. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd klotnaði um stjórnarfrumvarp þetta. Meiri hlutinn, sem er stjórnarlið í nefndinni (JP, ÓB og MJ), vill samþykkja frumvarpið og alls engar breytingar á því gera. Við hinir, tveir nefndarmennirnir (BjörnJ og KK), erum fylgjandi frumvarpinu, það sem það nær, en viljum bæta við frumvarpið öðrum breytingum við efnahagslöggjöfina frá 20. febr. s. l. en frumvarpið felur í sér og flytjum tillögur um það hvor í sínu lagi.

Aðalefni frumvarpsins er í fyrsta lagi: að ákvæði efnahagslaganna frá 20. febr. s. l. um útflutningsskatt, er renni í útflutningssjóð, skuli ekki gilda um vörur, sem framleiddar verði eftir næstu áramót. Og í öðru lagi svo hljóðandi fyrir mæli um ráðstöfun á eftirstöðvum sjóðsins:

„Fé það, sem verður afgangur í útflutningssjóði, þegar hann hefur innt af hendi greiðslur þær, er um ræðir í bráðabirgðaákvæðum laganna b, c og f, skal afhent útvegsmönnum á þann hátt, að það gangi til greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa á árinu 1960. Þó skal útflutningsskattur skv. 1. málsg. þessarar greinar (þ. e. 8. gr.) af öðrum vörum en sjávarafurðum renna í ríkissjóð og honum ráðstafað í þágu landbúnaðarins samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin setur, að fengnum tillögum Landssambands íslenskra útvegsmanna, reglur um ráðstöfun fjár til greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa.“

Hér liggur strax í augum uppi það ósamræmi, að ríkisstjórnin vill taka sér einræðisvald til að ráðstafa eftirstöðvahlut bænda, en ætlar útgerðarmönnum tillögurétt um sinn hlut, svo sem rétt er. Úr þessu má bæta með viðbótarákvæði um, að Stéttarsamband bænda hafi tillögurétt um þeirra fé, og legg ég til, að það verði gert.

Mjög illa hefur gengið að undanförunu að fá ábyggilegar upplýsingar um hag útflutningssjóðs, eins og fulltrúi Framsóknarflokksins í fjárhagsnefnd Nd. (SkG) bendir á í nefndaráliti sínu (þskj. 229).

Ráðherrar virðast helst hafa notað áætlanir og upplýsingar, sem þeir hafa gefið um hag sjóðsins og rekstur, til þess að bregða á efnahagsmálin þeim blæ, er þeir hafa talið henta bezt fyrir sig og sína stefnu hverju sinni.

Nú mætti ætla, að starfsemi sjóðsins sé orðin það einföld, að til botns sjái, og skal ég því ekki vefengja að óreyndu þær tölur, er nú liggja fyrir um hag sjóðsins, þótt þær skjóti nokkuð skökku við fyrri greinargerðir.

Með ráðstöfunum þeim, sem frumvarpið mælir fyrir um á væntanlegum eftirstöðvum útflutningssjóðsins, er reynt að berja í bresti, þótt í smáum stíl sé. Fjarstæða væri að leggjast á móti því.

En þessar ráðstafanir ná allt of skammt. Efnahagslöggjöfina þyrfti að umsteypa — og gerbreyta stefnunni í efnahagsmálunum.

Afleiðingar núverandi stjórnarstefnu blasa við í öllum áttum:

Sjávarútvegurinn er á heljarþröm. Landbúnaðurinn keyrður í kreppu. Iðnrekstur í voða. Verzlunin dregst saman. Fjárfestingarframkvæmdir að detta niður. Hið almenna framtak fellt í fjötra. Atvinnuleysi að hefjast. Kaupmáttur launa stórlega skertur. — — —

Allt á sína sögu. Að afstaðinni kjördæmabreytingunni sumarið 1959 og eftir kosningarnar haustið 1959 voru stjórnarflokkarnir gleðireifir og hugðust sigla háan vind með nýjum, skjótvirkum efnahagsráðstöfunum. Reikningsvélur voru settar í gang, og útkoman af því, sem lagt var fyrir vélarnar, virtist hinum gleðireifu „harla góð“ á pappírnum. Þeir hlustuðu ekki á aðvaranir og leituðu ekki í þessum vandasömu málum samstarfs við aðra en sjálfa sig, og höfðu þeir þó hlotið með naumindum meiri hluta í kosningunum — svo sem alþjóð veit — á fölskum forsendum.

Mönnunum gekk ekki illt til. Enginn hefur leyfi til að skilja orð mín á þá leið, að ég álíti, að svo hafi verið. En „hofmóður“ þeirra var of stór. Trúin of blind, að hægt væri að komast beint af augum í einni skyndilotu að takmarkinu.

Þetta eru sannarlega alvörumál, en dýpsta alvara speglar stundum án allrar léttúðar broslegar myndir og dregur af þeim lærdóma:

Sú sjóferð, sem ríkisstjórnin og liðsmenn hennar lögðu í með efnahagsráðstöfunum sínum, minnir á söguna af skipstjóranum, sem sigldi að vestan áleiðis til Reykjavíkur. Varð „hátt uppi“ staddur á Breiðafirði og heimtaði þá, að skipinu væri siglt beina leið landmegin við Snæfellsjökul til þess að stytta leiðina og flýta förinni.

Ríkisstjórnin hugðist í „hofmóði“ sínum sigla þjóðarskútunni landmegin við jökulinn, og enn hefur hún ekki viljað láta af þeirri stefnu. Nú hlýtur hún þó að fara að sjá það, sem flestir aðrir sjá, — hvað fram undan er. Og segja má, að frumvarpið beri lítills háttar vott um breytt „strik“. En það gagnar eitt saman ekkert til hjörgunar.

Ríkisstjórninni ber að „taka aftur á bak“ og gerbreyta stefnunni eða fá öðrum stýrið.

Henni er skylt að þiggja holl ráð, þó að þau komi frá stjórnarandstöðunni, enda fullsannað nú, að Framsóknarflokkurinn hafði rétt fyrir sér, þegar hann taldi strax við myndun ríkisstjórnarinnar, að stefna hennar gæti ekki annað en leitt til ófarnaðar.

Breytingartillögur þær, sem fluttar voru við frumvarp þetta í Nd. af hálfu Framsóknarflokksins, voru allar miðaðar við að leiðrétta stjórnarstefnuna og koma í veg fyrir, að þjóðarskútan strandi.

Stjórnarliðið í Nd. felldi allar þessar tillögur, þar á meðal tillöguna um afnám okurvaxtanna, sem jafnvel sumir stjórnarstuðningsmenn á Alþingi fara hörðum orðum um í viðræðum.

Þetta spáir ekki góðu um nauðsynleg stefnuhvörf. Ég flyt samt þessar sömu tillögur í Ed., af því að ég tel þær mikilsverðar og vil gefa stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar í Ed. tækifæri til þess að gera m. a. stjórn sinni þann greiða að breyta stefnunni með því að samþykkja þær.

Tillögurnar eru á sérstöku þingskjali. Um rökstuðning vegna þeirra skírskota ég til nefndarálits 1. minni hl. fjárhagsnefndar Nd. (SkG) á þingskjali 229. Enn fremur mun ég gera grein fyrir þeim, hverri fyrir sig, í framsögu.

Samkvæmt framansögðu legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem ég hef tilgreint.

Alþingi, 17. des. 1960.

Karl Kristjánsson.